



Selfossi 31. janúar 2019

Fundargerð stjórnar

4. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2019, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Samningur vegna eldvarnaeftirlitsnáms

Pétur kynnti samning sem Brunavarnir Árnessýslu hafa gert við Mannvirkjastofnun varðandi kennslu fyrir eldvarnaeftirlitsmenn árið 2019. Í samningnum felst m.a. gerð á nýju kennsluefni, myndband um „Eigið eldvarnaeftirlit“, skipulagning og framkvæmd á einu eldvarnaeftirlitsnámskeiði og einu endurmenntunarnámskeiði. Samningurinn er gerður til eins árs og mun Mannvirkjastofnun greiða BÁ 5 milljónir vegna verkefnisins. Stjórn BÁ lýsir yfir ánægju með samninginn og þeim tækifærum sem í honum felast.

2. Útkallstölfræði 2018

Pétur fór yfir útkallstölfræði ársins 2018 en árið 2018 var einstakt í sögu BÁ varðandi fjölda látinna. BÁ kom að verkefnum þar sem 14 einstaklingar létust, sjö í bílslysum, tveir í eldsvoða og fimm með öðrum hætti. Umræður um að sálræn þjónusta við slökkviliðsmenn hefur aukist mikið að undanfögnu.

Heildarfjöldi útkalla á stöðvar var 195 árið 2018 en til samanburðar voru þau 182 árið 2017 og 144 árið 2016. Flest útköllin árið 2018 voru F1 útköll, eða 76, á móti 48 árið 2017. Unnum klukkustundum í útköllum fjölgaði úr 3164 árið 2017 í 4184 árið 2018 eða um rúmar 1000 klukkustundir. Meðal klukkustundir í útköllum voru 21,5, en þær voru 17,4 árið áður. Ástæður útkalla á stöðvar árið 2018 voru í langflestum tilvikum vegna tilkynningar um eld, eða 96, þar á eftir voru 38 útköll á stöðvar vegna umferðaróhappa. 47% útkalla ársins 2018 voru á dagvinnutíma, frá kl. 08-16:00

3. Rekstrartölur ársins 2018

Pétur fór yfir bráðabirgðatölur vegna ársins 2018 en það lítur út fyrir að fjárhagsáætlun muni standast.

4. Önnur mál

- a. Pétur sagði frá fyrirhuguðu í námskeiði í apríl varðandi ökutæki með aðra aflgjafa og hættur sem fólgnar eru í klippivinnu, auk námskeiðs í stjórnendatækni.
- b. Næsti fundur verður haldinn 28. mars 2019 kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 9.30

Ólafur M. Thorsen
Einar Th. Gunnarsson
Aundóra Hórnæs
Eingatt
Gust H. Jónsson
Humbjörgunnsdóttir
Sanna Guðjónsdóttir
P. B.